

Persónuverndarskilmálar Umhyggju

Umhyggja-félag langveikra barna, kt. 691086-1199, (hér eftir „Umhyggja“) er umhugað um persónuvernd og leggjum við ríka áherslu á að tryggja öryggi og lögmæta notkun þeirra persónuupplýsinga sem við meðhöndlum í okkar starfsemi. Persónuvernd er mikilvæg í allri starfsemi Umhyggju. Nauðsynlegt er að skrá og vinna ýmsar persónu- og heilsufarsupplýsingar til að geta veitt sem besta þjónustu og sinnt þeim verkefnum sem Umhyggju eru falin.

Í persónuverndarskilmálum þessum er greint frá því hvernig Umhyggja stendur að vinnslu persónuupplýsinga. Með vinnslu er s.s. átt við söfnun, skráningu, vistun og miðlun persónugreinanlegra upplýsinga um félagsmenn, styrkþega, styrkgjafa, styrktaraðila og starfsfólk Umhyggju.

Hér er yfirlit um það hvernig við virðum réttindi einstaklinga í tengslum við alla söfnun og vinnslu persónuupplýsinga í starfsemi okkar.

- Við meðhöndlum einungis persónuupplýsingar í fyrir fram ákveðnum tilgangi og á grundvelli viðhlítandi heimildar. Við meðhöndlum aðallega persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir veitingu styrkja og þjónustu sem óskað hefur verið eftir sem og vegna starfsfólks okkar.
- Við grípum til viðeigandi öryggisráðstafana til þess að varðveita persónuupplýsingar og vernda þær gegn óviðkomandi aðilum.
- Við deilum ekki persónuupplýsingum með öðrum aðilum nema nauðsyn krefji og að fyrir liggi viðhlítandi heimild skv. lögum eða samningi. Við munum aldrei selja persónuupplýsingar til þriðja aðila.
- Við varðveitum ekki persónuupplýsingar lengur en þörf krefur eða sem gildandi lög á hverjum tíma áskilja.

Hér að neðan getur þú kynnt þér persónuverndarskilmála okkar nánar. Þar er m.a. að finna upplýsingar um það:

- Hvaða persónuupplýsingar við meðhöndlum,
- í hvaða tilgangi við meðhöndlum persónuupplýsingar og á grundvelli hvaða heimildar,
- hversu lengi við varðveitum persónuupplýsingar þínar,
- með hverjum við deilum persónuupplýsingum og
- um réttindi þín vegna notkunar okkar á persónuupplýsingum þínum.

Fyrirspurnum varðandi persónuverndarskilmála þessa eða notkun okkar á persónuupplýsingum þínum má beina á netfangið info@umhyggja.is eða með bréfpósti til: Umhyggja, Háaleitisbraut 11-13, 108 Reykjavík.

1. Hvaða persónuupplýsingar skráir Umhyggja?

Við söfnum sjálf eða fáum afhentar persónuupplýsingar um þig þegar við veitum einstaklingum styrki eða þjónustu og þegar við könnum áreiðanleika upplýsinga og gagna í tengslum við styrki og þjónustu. Um getur verið að ræða persónuupplýsingar sem þú lætur okkur í té vegna styrkja eða beiðni um þjónustu. Einnig kunnum við að vinna með persónuupplýsingar um starfsfólk okkar.

Þær persónuupplýsingar sem við kunnum að afla um þig í tengslum við þjónustu okkar eða starfsmann okkar geta einkum falist í eftirfarandi:

- nafn, kennitala og kyn,
- lögheimili, netfang, símanúmer og álíka tengiliðaupplýsingar,
- heilsufarsupplýsingar,
- fjárhæðir styrkja og
- upplýsingar um dvöl í orlofshúsum.

Í sumum tilvikum kunnum við að meðhöndla viðkvæmar persónuupplýsingar um þig vegna styrkja líkt og heilsufarsupplýsingar.

Í öllum tilvikum er okkur umhugað um að meðhöndla og varðveita eingöngu þær persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar til að veita þér umbeðinn styrk eða þjónustu hverju sinni eða til uppfylla áskilnað laga.

2. Hvernig vinnum við persónuupplýsingar þínar?

Við notum persónuupplýsingar þínar í eftirfarandi tilgangi:

- Styrktarsjóður

Hlutverk styrktarsjóðs Umhyggju er að styrkja fjölskyldur sem orðið hafa fyrir fjárhagsörðugleikum vegna veikinda barna þeirra. Við söfnum upplýsingum vegna umsóknar þinnar um styrki og í tengslum við útgreiðslu þeirra.

- Sérfræðiráðgjöf

Umhyggja býður foreldrum langveikra barna upp á lögfræðiráðgjöf, sálfræðiþjónustu og markþjálfun. Þjónustan er unnin af fagfólki með milligöngu Umhyggju en Umhyggja hvorki safnar né hefur aðgang að þeim upplýsingum sem fram koma á vegum viðkomandi þjónustu.

- Daglegur rekstur og áskilnaður laga

Við kunnum að meðhöndla og varðveita persónuupplýsingar þínar í daglegri starfsemi okkar, svo sem vegna umsókna um orlofshús, innra bókhalds og reikningagerðar, laungreiðslna starfsfólks o.s.frv.

Heilsufarsupplýsingar vegna umsókna um styrki eru meðhöndlaðar og varðveittar í hugbúnaðarkerfi okkar frá Fislausnum ehf. Við meðhöndlum eingöngu

heilsufarsupplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna umsókna en höfum enga aðra samtengingu við sjúkraskráningarkerfi.

Þá áskilja ýmis lög og reglugerðir, eins og bókhaldslög að við söfnum og varðveitum nánar tilgreindar upplýsingar um þjónustupega okkar í ákveðinn tíma og geta slíkar upplýsingar innihaldið persónuupplýsingar um þig. Sömuleiðis kunnum við að vinna persónuupplýsingar vegna beiðna eða fyrirmæla stjórnvalda þar um.

Óskir þú eftir afriti af persónuupplýsingum þínum eða eyðingu þeirra kallar slíkt jafnframt á meðhöndlun okkar á viðkomandi upplýsingum.

- Lagalegar kröfur og ágreiningsmál

Við gætum meðhöndlað persónuupplýsingar til að standa vörð um lagalega hagsmuni okkar sem félags, félagsmanna eða vegna starfsmanna okkar.

3. Á hvaða grundvelli vinnum við persónuupplýsingarnar þínar?

Við meðhöndlum einungis persónuupplýsingar ef lögmætur grundvöllur fyrir vinnslunni er fyrir hendi og að vinnslan er nauðsynleg. Vinnsla okkar á persónuupplýsingum þínum byggir á einni eða fleiri eftirfarandi heimildum:

- Vinnsla nauðsynleg að beiðni einstaklings/forráðamanns með samþykki

Við kunnum að meðhöndla persónuupplýsingar þínar til að geta veitt þér styrk eða umbeðna þjónustu með samþykki þínu og að beiðni þinni. Meðhöndlun okkar á persónuupplýsingum er þannig nauðsynleg við ákvörðun styrkja eða veita umbeðna þjónustu. Við þurfum ávallt að afla tengiliðaupplýsinga og upplýsinga um kennitölu í tengslum við veitta þjónustu.

- Vinnsla byggir á umboði frá þér

Við kunnum að meðhöndla persónuupplýsingar þínar á grundvelli umboðs sem þú hefur veitt okkur fyrir vinnslunni til að mynda með umsókn. Þetta á einkum við þegar um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar sem nauðsynlegt er að vinna vegna umsókna um styrki. Sem dæmi um slíkt má nefna heilsufarsupplýsingar. Þú getur hvenær sem er afturkallað samþykki sem þú hefur veitt okkur fyrir vinnslu persónuupplýsinga, en það getur þó haft áhrif á möguleika okkar til að veita þér styrk eða umbeðna þjónustu.

- Vinnsla nauðsynleg til að uppfylla lagaskyldu sem á okkur hvílir

Okkur er lagalega skylt að safna og varðveita ákveðnar upplýsingar sem kunna að innihalda persónuupplýsingar. Sem dæmi má nefna að á okkur hvílir lagaleg skylda um varðveislu bókhaldsgagna sbr. bókhaldslög nr. 145/1994.

- Vinnsla byggir á lögmætum hagsmunum okkar eða þriðja aðila

Vinnsla okkar á persónuupplýsingum kann að byggja á lögmætum hagsmunum okkar af vinnslunni, svo sem til að geta veitt umbeðna þjónustu með fullnægjandi hætti, til að verja hagsmuni okkar og lögvarin réttindi eða til þess að bæta þjónustu félagsmanna okkar.

Sömuleiðis kann meðhöndlun persónuupplýsinga að fara fram vegna lögmætra hagsmuna félagsmanna okkar sem okkur ber að gæta.

4. Fáum við persónuupplýsingar um þig frá þriðja aðila?

Almennt fáum við ekki persónuupplýsingar frá þriðja aðila. Komi til þess meðhöndlum við slíkar persónuupplýsingar með sama örugga hætti og eftir sömu verklagsreglum og þær sem við öflum sjálf.

5. Deilum við persónuupplýsingum þínum með öðrum?

Um persónuupplýsingar sem við meðhöndlum um þig ríkir fullkominn trúnaður og er starfsfólk okkar bundið þagnarskyldu um efni og tilvist þeirra.

Við seljum aldrei persónuupplýsingar til þriðja aðila. Við þær aðstæður sem greinir í lið 3 hér að framan kunnum við hins vegar að afhenda persónuupplýsingar þínar til þriðja aðila, þ.á.m.:

- aðila sem veita ykkur ráðgjöf og þjónustu (lögfræðingar, sálfræðingar og markþjálfar) og þá eingöngu að beiðni ykkar;
 - aðila sem veita okkur ráðgjöf og þjónustu (s.s. endurskoðendur og upplýsingatæknifyrirtæki sem hýsa gagnagrunna okkar) og
 - annarra sem þú hefur veitt skýrt umboð til að gæta hagsmuna þinna.
-

6. Hversu lengi varðveitum við persónuupplýsingar þínar?

Við varðveitum persónuupplýsingar þínar ekki lengur en nauðsyn krefur til að uppfylla samningsskuldbindingar okkar eða sem lög áskilja með hliðsjón af tilgangi og vinnslu upplýsinganna. Mismunandi varðveislutími getur átt við eftir tegund og eðli persónuupplýsinga.

7. Hvernig tryggjum við öryggi persónuupplýsinga þinna?

Okkur er í mun að tryggja réttmæta notkun og öryggi persónuupplýsinga þinna og að þær komist ekki í hendur óviðkomandi aðila. Í því skyni höfum við innleitt viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar þínar gegn glötun og óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra. Dæmi um slíkar öryggisráðstafanir eru aðgangsstýringar að tölvum starfsmanna þar sem upplýsingar um þig kunna að vera vistaðar, fræðsla til starfsmanna um öryggisráðstafanir, viðbragðsferlar komi til öryggisbresta og samningar við vinnsluaðila okkar.

8. Hver er réttur þinn vegna notkunar okkar á persónuupplýsingum þínum?

Þú átt rétt á að fá aðgang að persónuupplýsingum um þig sem við kunnum að hafa undir höndum, krefjast leiðréttingar á röngum eða ófullnægjandi persónuupplýsingum,

takmörkunar á vinnslu upplýsinganna og í sumum tilvikum eyðingu þeirra. Þú hefur enn fremur heimild til að krefjast afhendingar persónuupplýsinga sem þú hefur veitt okkur.

Þegar við meðhöndlum upplýsingar um þig á grundvelli samþykkis þíns hefur þú heimild til að afturkalla samþykkið hvenær sem er. Afturköllun samþykkis getur þó þýtt að okkur er ókleift að veita þér styrk, tiltekna þjónustu eða ráðgjöf sem þú hefur óskað eftir. Sama máli gegnir farir þú fram á að við eyðum tilteknum persónuupplýsingum um þig.

Afturköllun samþykkis hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslu sem farið hefur fram á grundvelli samþykkisins fram að afturkölluninni.

Framangreind réttindi þín eru háð takmörkunum, s.s. þegar meðhöndlun persónuupplýsinga þinna byggir á lagaskyldu sem á okkur hvílir en þá kann okkur að vera óheimilt að eyða upplýsingunum.

Við munum taka beiðni varðandi persónuupplýsingar þínar til afgreiðslu eins fljótt og auðið er til að tryggja að réttindum þínum sé framfylgt. Til að tryggja að persónuupplýsingum sé einungis deilt með réttum eiganda þeirra áskiljum við okkur rétt til að óska eftir framvísun skilríkja. Við munum veita þér upplýsingar um allar ákvarðanir og aðgerðir vegna beiðni þinnar innan 30 daga frá móttöku hennar.

Þú hefur einnig rétt á að senda inn kvörtun til Persónuverndar vegna meðferðar okkar á persónuupplýsingum þínum. Kvörtun má senda skriflega á:

Persónuvernd
Rauðarárstígur 10
105 Reykjavík
Ísland

Síðast yfirfarið og uppfært, 28. apríl 2021